Íslands fréttir.

(Eftir Vísi).

Rvík, 9.—22. marz.

— Úr Grafningnum komu menn nú um helgina, til þess að lá sér kol, og er það einsdæmi. En eldiviður þeirra þornaði ekki í sumar sökum ótíðar. — Viða er heylítið orðið og litur mjög illa út. Einn bóndinn má beita alveg heylaus, aðrir búnir að taka af honum kindurnar og hesta og ein kýrin drepin.

— Kennarafélagið var 25 ára 23. f. m. þann mánaðardag 1889 voru lög þess samþykt. Það hefir nú ákveðið, að minnast þessa afmælis sins í júní í sumar, þegar ársfundur þess verður haldinn, og í tilefni af því ætlar það einnig í vor að gjöra gangskör að því, að kennarafélög verði stofnuð viðsvegar um landið og myndi þau eitt bandalag sín á milli. Á helzt að stofna það á ársfundinum.

— Hús Brillouins í Félagstúni hefir Einar Benediktsson keypt af Landsbankanum.

Eyrarbakka í gær.

— Afli ágætur í dag, um 50 í hlut af þorski og tvihlöðu flestir.

— Hrið hefir verið við og við siðustu daga og aukið all-miklu á snjóinn.

— Ingólfur er væntanlegur hingað í nótt með vörur úr Reykjavík og er nú bezta veður til uppskipunar, en hætt við, að fáir fáist til vinnunnar, þar sem svo mikill afli er annars vegar.

— Nýdáinn er hér Magnús Magnússon, lengi formaður og sæmdur fyrir björgun. Hann var 61 árs. Banameinið lifrarveiki.

— Heilsufar er gott hér. Hettusóttin fer um alt, en er viðast væg.

— Mótorbátur úr Vestmannaeyjum viltist í byl í fyrrinótt. Hann hitti botnvörpuskip, sem tók að sér að flytja hann heim. Fóru mennirnir upp á skipið, en báturinn var hafður aftan í. Hann slitn aði aftan úr, og hitti annað botnvörpuskip bátinn og flutti hann til Eyjanna og varð á undan hinum. Þetta olli þó engri hræðslu, þar sem öllum var augljóst, hvern ig í þessu hlaut að liggja.

Keflavík í gær.

— Botnvörpuskip þýzkt strandaði undan Garðsskagavita í morgun. Mannbjörg varð. Sent var eftir Geir til björgunar.

— Botnvörpuskipið, sem fór upp hjá Gerðakoti í fyrradag, tókst ekki að ná út, þrátt fyrir tilraunir Geirs, er það nú sandorpið mjög.

— Fátæk kona hér í bæ, sem góðir menn höfðu gefið dálitla fjárupphæð, svo hún þyrfti ekki að þiggja af sveit, gaf "Hallgrímsdaginn" 50 kr. til að stofna "Ungbarnasjóð til minningar um Hallgrím Pétursson".

Er það von gefanda, að fleiri menn vilji gefa til sjóðs þessa og hann geti á sinum tima náð þeim tilgangi sinum, að verða til uppeldis einhverra mannaðarlausra barna hér í bæ.

— Botnvörpungar, sem hér hafa bækistöð sina í ár, munu verða 16 til 18, en sá galli er á, að þeir eru eign útlendinga, að einum undanskildum.

— "Bræðrasjóður háskóla Islands, stofnaður i tilefni af frá falli Geirs Einarssonar stud. mag. — heitir nýr sjóður, er studentar eru nú að stofna til, og er þegar búið að gefa til hans 4—500 kr.

— Miliónafélagið P. J. Th. & Co., er hætt starfsemi hér sem annarsstaðar, en verzlunarhús þess og fiskiverkunar-reiti hefir verzlunarstjóri Ólafur Böðvarsson ásamt tveimur bræðrum sinum og Jóh. J. Reykdal tekið á leigu. Kaupa þeir félagar fisk af tveimur botnvörpungum norskum og loðaveiðaskipum, sem Miliónafélagið hefir undanfarin ár keypt fisk af.

— Fiskkaupm. Bookless Bros. hafa gjört hér mikil mannvirki að undanförnu, meðal annars í fyrra stórt fiskþurkunarhús. Nú eru þeir að byrja að reisa hús fyrir áburðar (guano) verksmiðju og lýsisbræðslu. Verður húsið 60 álnir á lengd og 17½ alin á breidd. Gufuvél, sem notuð verður til reksturs verksmiðjunnar, er í sérstöku húsi, sem þegar er bygt, og er henni ennfremur ætlað að knýja áfram ýmsar vélar á fiskstöðinni, t. d. raímagnsvél til lýsingar. — Nú undanfarna mánuði hafa unnið hjá Bookless Bros. fjöldi karlmanna, og eru þar nú 60—70 karlmenn í vinnu daglega. Kaupir Bookless, að sögn, fisk af tólf botnvörpungum í ár. Sýnist það verzlun mikil, enda er honum gjört að greiða 3 þús. kr. aukaútsvar, eða nálega ¼ af upphæð þeirri, sem jafnað er niður.

— Heljarstórt seglskip kom hingað i gærkveldi, Standard, 1300 Reg. Ton. Var það dregið frá þýzkalandi (Hamborg?) af gufubát. Flytur skrokkur þessi kol og salt og aðrar nauðsynjar handa þýzkum botnvörpungum, og á að taka á móti afla þeirra. Litur út fyrir, að þetta félag ætli ekki að láta öf stóra mola falla af borði sínu til Hafnfirðinga.

— Hafnargjörðin í Reykjavík hefir fengið hér trjávið úr gömlu barkskipi, sem var höggvið upp i vetur. Var viðurinn látinn i flotkassa, sem dreginn var i morgun af mótorbát til Reykjavikur.

— Af Eyrarbakka er skrifað 24. f. m.: "Tíðarfar hefir nú siðan fyrir hátíðir verið gott, einlægt votviðri, svo mýrar eru grænar nú, þær lögðust snemma undir is og snjó, sem nú er löngu uppleystur, og kemur það sér vel, því menn voru hér afarilla heyjaðir, en fénaður allmikill, þó miklu væri fargað. — Búleiðindi eða eitthvað þess háttar virðist vera komið í alt of marga bændur hér i Árnessýslu að minsta kosti, því eitthvað nálægt 30 beztu jarðirnar eru nú á boðstólum til kaups og ábúðar. Er það dálítið iskyggilegt og athugavert, eins og þó er og hefir verið hlynt að landbúnaðinum á kostnað hinna atvinnuveganna i landinu og eins og afurðir hans eru nú komnar i laglegt einokunarverð.

Húsavík, 7. marz

— Snjór er hér furðumikill, skafl ar þó stundum stærri áður. Ófærð svo mikil, að maður var 5 kl.st. af Biskupsás niður i Syðri-Tungu á skiðum i dag.

— Sýslufundur átti að vera i Norður-Þingeyjarsýslu (i Skógum) og byrja fimtudag 5. þ.m. Steingrímur sýslumaður ætlaði norður á vélarbát, en hefir ekki gefið enn. Ferst því sýslufundur fyrir, að líkindum i þetta sinn.

— Heylausir eru fjórir bændur i Kelduhverfi. Hriðar þar i þrjár vikur og engin hláka siðan i janúar. Horfur slæmar, ef ekki kemur bráður bati.

— Vigfús Grænlandsfari er hér. Talaði i kveld hjá Sigurjóni veitingamanni, áheyrendur 60, áframhald annað kveld. Aðgangur bæði kveldin kr. 0.80. Talaði líka á Seyðisfirði. Þótti segjast vel. Fer norður.

— Kaupfélagsfundur nýlega afstaðinn. Hagur félagsins er með betra móti. Það varð til nýlundu, að Sigurði á Felli var bolað úr stjórn og i stað hans kosinn Þórólfur Sigurðsson i Baldursheimi.

Akureyri, i gær.

— Ís er nú talinn landfastur við Horn, og liggur spöngin þaðan i norðaustur.

— Aflalaust er hér með öllu af fiski, en nokkuð af sel.

— Fiskiskipin eru nú i brottbúningi og fara héðan eftir viku tima. Þau veiða fyrir Vesturlandi, ef þau komast fyrir ís.

— Hákarlaskip ganga héðan tvö að þessu sinni. Hefir þeim fækkað með ári hverju. Voru eitt sinn milli 20 og 30.

— Í gær fell snjódyngja ofan af húsþaki á Siglufirði og varð maður undir henni og rotaðist. Hann hét Ingimar Jónsson, miðaldra maður, og dó i nótt.

— Björn Líndal yfirdómslögmaður er að reyna að koma hér upp hlutafélagi, sem vinni að því, að láta búa hér til síldartunnur á veturna. Er vonandi honum hepnist það.

Vestmeyjum, i gær.

— Afli hefir verið nokkur undanfarið, en farið minkandi og i dag var sama sem ekkert, sem fiskaðist.

— Skemtanir eru hér miklar um hverja helgi. Nýlega komst það i móð, að yrkja hér gamanvísur og urðu margir til þess. Þá var og saminn gamanleikur um þingmenskuframboð og léku hann þeir Bjarni Björnsson og Ólafur Ottesen.

— Í gær druknaði á Stokkseyri Jón Böðvarsson, áður lengi bóndi i Dagverðarnesi á Rangárvöllum, um sextugt. Þetta var um hádegisbilið. Menn ætla, að hann hafi verið að baða sig i sjónum, því fót hans fundust á klöpp hjá litlu lóni þar, en likið nakið rekið á sandinn.

— Forstöðukona matreiðsluskólans á Ísafirði, ungfrú Fjóla Stefánsdóttir, hefir i hyggju, að halda þar námsskeið handa matreiðslusveinum 16. mai til 15. júní næstkomandi. Mun þetta fyrsta námsskeið af þessu tagi hér á landi, og er einnig hið þarfasta.

— Kvikmyndahúsi er i ráði að koma upp á Ísafirði innan skams. Fyrir því stendur Ólafur Sigurðsson vetzlunarstjóri.

— Kyrkjusjóðurinn almenni. þar áttu um áramótin i sjóði 100 kyrkjur um 129 þús. kr., og hefir sjóðurinn sem næst tvöfaldast á siðustu 7 árum. Innborganir voru á árinu tæp 11 þús. og útborganir frekleg 3 þús. Nú eru i smiðum miklar og dýrar kyrkjubyggingar.

* * *

— Fánanefndin hefir nú setið á rökstólum all-lengi og haldið fjölda funda. Er von á áliti hennar i flaggmálinu innan skamms.

— Dáin er á Landakotsspitalanum 8. þ.m. Guðný Þórðardóttir frá Bildudal, 20 ára að aldri.

— Samson Eyjólfsson útstjóri verður jarðaður i dag. Likræðu heldur Ólafur frikyrkjuprestur i dómkyrkjunni.

— Minningarblað, einkar snotur, um Jón Sigurðsson hefir Helgi Árnason dyravörður gefið út, og er það prentað i Gutenberg með snild. Á spjaldi þessu eru skráð mörg kvæði um Jón Sigurðsson eftir ýmsa höfunda, en þar utan um er blómsveigur lit skreyttur og mynd forsetans yfir.

— Lambert hét botnvörpuskipið sem fór upp hjá Garðsskagavita, og er frá Bremerhaven. Geir er enn suðurfrá, að reyna að ná því út, og enn er ekki vonlaust um, að skipið, sem fór upp áður litlu sunnar, hafist einnig út.

— Loftur Loftsson, útgjörðarmaður i Sandgerði, mun nú vera stærsti mótorbáta úrgjörðarmaður á Íslandi. Af Matthiasi keypti hann 4 báta og átti fyrir mikinn hluta i 4 bátum, og gjörir því nú út alls 8 báta, og eru margir þess ara báta með þeim allra stærstu, er stunda fiskiveiðar hér við land.

— Fiskveiði i Sandgerði er rekin af kappi. Þar eru nú sem stendur 16 bátar að veiðum og byrjuðu flestir um og úr miðjum febrúar. Í landshlut tekur stöðvareigandi af öllum bátum, sem leggja aflann þar upp, 4 prósent af aflanum. — Aflinn var orðinn þessi i lok febrúarmán.: Bátar Lofts Loftssonar -Stigandi (H. Halldórsson skipstjóri) 6.5, Baldur (J. Sigurðsson) 4.7, Elding (H. Jónsson) 4.7, Þór (G. Jónsson) 3.5, Freyr (H. Tómasson) 3.0, Óðinn (J. Björnsson) 3.2, Torm (A. Jónsson) 1.5, Höfrungur (A. Jónsson) 0.8. Aðrir bátar — Hugur (E. Sveinbjörnsson) 6.3, Viktor (G. Gunnarsson) 1.0, Freyja (Þ. Árnasoa) 1.8, Hrólfur (frá Ísafirði) 4.0 og 2 bátar (H.B. Akran.) 3.5. Alls til fiskjar 1. marz 44.500. — Alt er þetta fiskað á lóðir og nærfelt alt stór þorskur. Ógæftir hafa mjög hamlað veiðum en fiskur mikill.

— Meðalalýsisbræðslu hefir Norðmaður, að naíni B. Petersen, i Sandgerði, og er það gufubræðsla. Til 1. marz var búið að bræða þar 35 tunnur af meðalalýsi. Í lyfjabúðinni kostar litrinn af lýsi um kr. 2.00).

— Fiskmjölsverksmiðju á að stofna á Seyðisfirði i vor. Verður hún rekin með rafmagni.

— Tilraun með þorskanet var fyrst gjörð i gær i Vestmannaeyjum. Það gjörði Norðmaðurinn Fröland. Lagði hann eina 'trossu' milli lands og eyja og fékk eftir nóttina 800. Þar af helming stórþorsk og hitt stórupsa. Eftir þessari fyrstu smátilraun litur þar vel út með þorsknetaveiði, einsog annarstaðar við Suðurland, þar sem reynt hefir verið.

— Maður druknaði i dag hér i Eyjunum. Hann hét Þórður Guðjónsson og var frá Kyrkjubæ. Hann féll út af mótorbát i róðri og náðist ekki aftur.

— Í Þorlákshöfn eru menn nú að útbúa sig til veiða, og eru þangað komnir flestir, sem þar ætla að stunda veiði á vertiðinni. Var fyrst róið i gær, en aflalaust enn. Einn báturinn fékk 4 i hlut.

* * *

NÝ ÍSLENSK UPPFUNDNING.

Kristján Torfason, kaupmaður á Sólbakka, hefir fundið upp ágæta, en þó ódýra aðferð" til þess að gjöra áburðarefni og fóðurmjöl úr þara og þangi, og hefir fengið einkaleyfi konungs til að hagnýta sér hana hér á landi um næstu fimm ár.

Fær uppfundning þessi hið mesta hrós bæði innanlands og erlendis. Sýnishorn af áburðarefninu og fóðurmjölinu hefir efnarannsóknarstofan hér haft til rannsóknar og reyndust þau prýðisvel. Eins hefir danska einkaleyfisnefndin rómað mjög þessa aðferð.

Hugvitsmaðurinn er nú að fá einkaleyfi i Danmörku fyrir bessari uppgötvun, og siðar hyggur hann að fá það i sem flestum menningarlöndum. Er að vona, að þetta verði honum mikil uppspretta auðs og frægðar og verði landi voru til hins mesta gagns, þar sem yfirflótanlegt er af þanginu og þaranum, en helzt til litið af áburði og fóðurmjöli. Í sambandi við þessa vinslu, er einnig unnið fleira úr þessum sjávarjurtum, svo sem jod.

* * *

TÓURÆKTIN Á BREIÐAFIRÐI.

Einsog Vísir hefir getið um áður, var Ellíðaey keypt i fyrravor til þess, að setja þar á stofn tóurækt. Þeir, sem keyptu, voru bræðurnir Jón Auðunn bankastjóri og Ólafur Jónsson á Ísafirði, en eyna seldu þeir Hannes skjalavörður Þoesteinsson og Dr. Þorvaldur Thoroddsen.

Eyja þessi liggur 5 milufjórðungum undan Stykkishólmi. Hún er um hálf röst að flatarmáli og fylgja 2 hólmar litlir. Hún er hálend og klettabelti með sjó nema að sunnan. Bær er i eynni og viti, og er bóndinn vitavörður og nú tóuvörður einnig. Þeir tóuræktarmennirnir flattu 55 vrðlinga út i eyna siðastliðið sumar og hafa þær haíst þar allvel við, nokkuð hafa þar getað aflað sér af fuglum og skelfisk, en annars er þeim gefið hrossakjöt og uffall frá heimilinu o. fl.

Æðarvarp nokkurt var i eynni, lundavarp og ritu, en það hlýtur að vikja, þegar svo mikið er af tóunni. Hún gjörir sig líka allheimakomna á bænum og rifur i sig alt, er tönn á festir, sem út fyrir bæjardyr kemur. Þeir félagar drápu i vetur 34 tóur þarna, varð að skjóta þær að þessu sinni, og aðrar 19 sáu þeir, sem verða látnir lifa áfram og vonandi timgast þar i vor, en einnig verður bætt við stofninn úr landi eftir því sem veiðist af yrðlingum.

Skinnin eru yfirleitt falleg, og má vænta, að þetta geti orðið hið nytsamasta fyrirtæki.

Tóa hefir verið alin upp allvíða hér i landi, svo sem i Grimsey á Steingrímsfirði og i Vigur, og gefist vel, en ekki hefir hún verið látin timgast i varðhaldinu fyr en hér svo kunnugt sé.

Nú vantar helzt að fá dýrt tóukyn, eins og t. d. þessi i Canada sem Vísir hefir áður sagt frá. Þá fer að vænkast hagurinn verulega fyrir tóuræktarmennina hér, þegar skinnin seljast fyrir þúsundir og tugi þúsunda hvert.

* * *

NORÐMENN BJÓÐA OSS TIL ÍÞRÓTTAMÓTS.

Nýlega barst formanni Í.S.Í. (íþróttasambands Íslands) Axel Tuliniusi sýslumanni boðsbréf frá nefnd þeirri i Noregi, er stendur fyrir íþróttamóti miklu í Kristjaniu dagana 31. mái til 8. júni i sumar, og er i sambandi við 100 ára hátíð Norðmanna. Því miður voru frændur vorir svo ókunnugir hér á landi, að þeir sendu bréfið manni á Norðurlandi, en hann sendi það svo kunningja sinum i Reykjavík, og sá kom því loks á réttan stað. Þetta hefir gjört svo stórkostlegan drátt á bréfinu, að nú er, þegar það loksins kemur fram, engin tiltök, að senda mann á mótið. Timinn alt of stuttur til að æfa og undirbúa sig til fararinnar.

Á íþróttamótinu verða um 900 Norðmenn, en 100 mönnum er boðið frá öðrum löndum, þó ekki fleirí en 16 frá hverju landi. Héðan var boðið 6 mönnum.

Það er leiðinlegt, að ekki skuli geta orðið úr þátt-töku héðan (vegna þessara krókavega, sem boðsbréfið hefir farið). Þetta er mjög virðulegt boð, og hefði orðið þátt-takendum til mikils gagns og ánægju. Eru Norðmenn alkunnir að gestrisni og er einkar hlýtt til okkar frænda sinna, og hefðu gjört ferðina hina beztu.

Moler Hárskurðar skólinn

Nemendum borgað gott kaup meðan þeir eru að læra. Vér kennum rakara iðn á fáum vikum. Atvinna útveguð að loknum lærdómi, með $15 til $25 kaupi á viku. Komið og fáið ókeypis skóla skýrslu. Skólinn er á horni

KING & PACIFIC ST.

MOLER BARBER COLLEGE

Þú kunningi

sem ert mikið að heiman frá konu og börnum getur veitt þér þá ánægju að gista á

Strathcona Hotel

sem er líkara heimili en gistihúsi.

Horninu á Main og Rupert St.

Fitch Bros., Eigendur

KAUPIÐ HEIMSKRINGLU

UNION BANK OF CANADA

Hvenær leggur þú fyrir peninga ef ekki núna.

Þó að kaup þitt fari vaxandi, hljóta útgjöld þín að vaxa, og mörgum finnst hið síðara aukast aungvu síður en hið. Nú er tímin til þess að byrja varisjóð, og varisjóðs deild Union Bank of Canada er staðurinn til að geyma peninga. Legðu á bankan þá peninga sem þú hefur nú, byrjaðu nú með hvað litlu sem er, og dragðu vexti af peningunum.

Logan Ave. og Sargent Ave., útibú.

A. A. WALCOT, Bankastjóri

Árstíð kælingar klefans er nálæg

Vér höfum nýlega fengið mikið úrval og til þess að þér kynnist þessari deild vorri sem fyrst, höfum vér ákveðið að selja með sérstakléga lágu verði, aðeins fáa daga. Kaupið strax og sparið stóra fúlgu.

Þessi kælingarklefi (refrigerator), hefur alla þá kosti sem einn góður og ódýr kælingarklefi þarf að hafa. Ytri kassinn er gjörður af bestu harðviðar tegund (golden finish). Stærð: 24 þuml. breidd, 19½ þuml. á dýpt, 50 þuml. hæð. Hvítt enamel innan í.



Söluverð $15.95

Banfields Refrigerators.

Þeir ódýrustu sem vér höfum, en hinn sami kælingar útbúnaður sem í hinum dýrari.

Kassinn er gjörður af beztu harðviðar tegund, vel þurkaðri (golden finish). Stærð: 39 þuml. hæð 17 þuml. dýpt, og 25½ þuml. á breidd.

Söluverð $8.25

J. A. BANFIELD

Áreiðanlegu húsgagna salarnir

492 Main St. - Phone Garry 1580

Utnefningar í fylkinu:

Eftir öllu að dæma smá dregur nær kosningum hér í Manitoba. Hafa útnefningar farið fram í 30 kjördæmum, og hafa þessir hlotið heiðurinn:

Constituencies	Candidates	P.O. Address
Arthur	A. M. Lyle	Lyleton
Assiniboia	J. T. Haig	Winnipeg
Beautiful Plains		
Birtle	B. W. L. Taylor	
Brandon		
Carrillon	Albert Prefontaine	St. Pierre
Cypress	George Steel	Glenboro
Dauphin	W. A. Buchanan	Dauphin
Deloraine	J. C. W. Reid	Underhill
Dufferin		
Elmwood	H. D. Mewhirter	Winnipeg
Emerson	Dr. D. H. McFadden	Emerson
Gladstone	A. Singleton	Gladstone
Glenwood	Col. A. L. Young	Souris
Gimli	Sv. Thorvaldsson	Icelandic River
Gibert Plains	A. L. Young	Winnipeg
Iberville		
Hamiota	Wm. Ferguson	Hamiota
Kildonan & St. Andr.	Hon. Dr. Montague	Winnipeg
Killarney	H. G. Lawrence	Winnipeg
Lakeside	J. J. Garland	Portage la Prairie
Lansdowne		
Le Pas	Dr. R. D. Orok	Le Pas
La Verandrye	J. B. Lauzon	Winnipeg
Manitou	J. Morrow	La Riviere
Minnedosa	W. B. Waddell	Minnedosa
Mountain	L. T. Dale	Baldur
Morden-Rhineland	W. J. Tupper	Winnipeg
Morris	Jacques Parent	Letellier
Nelson-Churchill		
Norfolk	R. F. Lyons	Carberry
Norway		
Portage la Prairie	Hon. H. Armstrong	Portage la Prairie
Roblin	F. Y. Newton	
Rockwood	Isaac Riley	Stonewall
Russell	E. Graham	Foxwarren
St. Boniface		
St. Clements	Thomas Hay	Selkirk
St. Rose	J. Hamelin	St. Rose du Lac
St. George	E. L. Taylor	Winnipeg
Swan River	J. Stewart	Thunderhill
Turtle Mountain		
Virden	H. C. Simpson	Virden
Winnipeg Centre		
Winnipeg Centre		
Winnipeg South		
Winnipeg South		
Winnipeg North		
Winnipeg North		

Er þetta allt einvala lið, og mikil-hæfir menn, og má vafalaust telja að þeir hljóti kosningu hverjir aðrir sem í kjöri verða.